# Föstudagur 21. apríl



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Gosi (17).** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Kátir krakkar (9).** (The Vid Kids). Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar.** (Eastenders). Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.25 **Benny Hill.** Nýr breskur gamanmyndaflokkur með hinum óviðjafnanlega Benny Hill og félögum. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Unglingaþáttur.**
21.05 **Derrick.**
22.05 **Meðan vonin lifir.** (Thursday's Child). Bresk sjónvarpsmynd frá 1983. Leikstjóri David Lowell Rich. Aðalhlutverk Gena Rowlands, Don Rowlands og Jessica Walter. Myndin, sem er byggð á sannsögulegum atburðum, fjallar um 17 ára pilt sem greinist með alvarlegan hjartagalla. Eina von hans er að fá nýtt hjarta.
23.40 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** New World International.
16.30 **David Copperfield.** David Copperfield er að koma heim eftir þriggja ára útlegð og minnist liðinna tíma með trega.
18.20 **Pepsí popp.** Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar ferskar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur. Þátturinn er unninn í samvinnu við Sanitas hf. sem kostar gerð hans.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum. Stöð 2.
20.25 **Landslagið.** Í kvöld heyrum við sjöunda þeirra tíu laga sem komust í úrslit í Söngvakeppni Íslands, Landslaginu. Stöð 2
20.30 **Klassapíur.**
21.05 **Ohara.**
21.55 **Kastalinn.** Riviera. Kelly, fyrrum starfsmaður alríkislögreglunnar, skríður úr fylgsni sínu til að bjarga kastala föður síns í Suður-Frakklandi.
23.30 **Bette Midler.** Divine Madness. Stórkostleg mynd sem tekin var af söngkonunni og grínistanum Bette Midler á nokkrum tónleikum sem hún hélt í kringum 1980.
1.00 **Heiður að veði.** Gentleman's Agreement. Gregory Peck fer með hlutverk blaðamanns sem falið er að skrifa grein um gyðingahatur.
2.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Starfsmenntun unglinga. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson.
13.35 **Miðdegissagan:** Riddarinn og drekinn eftir John Gardner. Þorsteinn Antonson þýddi. Viðar Eggertsson les. (14.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt.** Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Símatími. Sigurlaug Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Atli Rúnar Halldórsson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – Úlfhildur eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson. Hólmfríður Þórhallsdóttir les. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Hljómplöturabb** Þorsteins Hannessonar.
21.00 **Kvöldvaka.** a. Ættir og óðal. Andrés Björnsson les úr frásögnum Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Einnig flutt gamalt viðtal Stefáns Jónssonar við Jón. b. Tónlist c. Úr sagnasjóði Árnastofnunar. Hallfreður Örn Eiríksson flytur þáttinn. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Tónlistarmaður vikunnar** – Kristján Jóhannsson óperusöngvari. Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn Samhljómsþáttur frá mánudegi.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæheimi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91-38500. – Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasögur eftir kl. 18.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. (Endurtekinn fjórtándi og lokaþáttur frá mánudagskvöldi.)
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**



Annað aðalhlutverkið í myndinni Kastalinn, njósnarann Rykker, leikur Patrick Bauchau.

### Stöð 2 kl. 21.55:

# Kastalinn

Kastalinn (Riviera) er spennumynd sem fjallar um fyrrverandi njósnara sem verið hefur í felum. Það eru margir sem vilja hann feigan og hafa leitað hans lengi. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hann reyni að stjórna búgarði einum í Frakklandi sem faðir hans átti og á að fara að loka. Við þetta framtak hans opinberast hann óvinum sínum sem koma að honum úr öllum áttum.

Kastalinn er tekinn að mestu á suðurströnd Frakklands og Norður-Afríku. Ben Mastaers leikur fyrrverandi njósnarann Jonathan Kelly sem, um leið og hann opinberar sig, er í stanslausri lífshættu. Hann fær þó góða hjálp frá frönskum njósnara, Rykker, sem Patrick Bauchau leikur, en hann á að baki langan feril við hættustörf. Einnig kemur mikið við sögu hin glæsilega söngkona Ashley sem í raun er njósnari sem fengið hefur það verkefni að finna út sannleikann um Kelly.

Spenna, rómantík og fagurt landslag er sem sagt þema Kastalans.

-HK

## BYLGJAN
FM 98,9

10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. **Ómar Valdimarsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## ALFA
FM·102,9

17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur frá Trú og lífi með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Ath. endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP
FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Hilmars V. Guðmundssonar og Alfreðs Jóhannssonar.
15.00 **Á föstudegi.** Grétar Miller leikur fjölbreytta tónlist og fjallar um íþróttir.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Samtökin '78. E.**
19.00 **Opið.**
20.00 **FES.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur í umsjá Kidda í Gramminu.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Arnari Þór og Benedikt. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

## EUROSPORT

11.30 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappaksturskeppni.
12.00 **Brimbrettakeppni.** Frá Hawaii.
12.30 **Tennis.** Monte Carlo Open.
14.30 **Ástralskur fótbolti.**
16.30 **Íshokkí.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.
17.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
19.00 **Blak.** Evrópukeppni.
20.00 **Hornabolti.** Frá Bandaríkjunum.
21.00 **Tennis.** Davis bikarinn.
22.00 **Bílasport.** Formúla 1.
23.00 **Vélhjólakeppni.** US Grand Prix.
24.00 **Íshokkí.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.

## SKY CHANNEL

6.30 **Viðskiptaþáttur.**
7.05 **Denni dæmalausi.**
9.30 **The Lucy Show.**
10.00 **Poppþáttur.**
11.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
11.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
12.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
13.00 **Another World.** Sápuópera.
14.00 **General Hospital.** Sápuópera.
15.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
16.00 **Loving.**
16.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **The Young Doctors.**
18.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
19.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
20.00 **Sale Of The Century.**
20.30 **Bring 'Em Back Alive.**
21.30 **Sky Riders.**
23.30 **Jameson Tonight.**
00.30 **Police Story.**

## SKY CHANNEL
### Kvikmyndir

17.00 **Little Norse Prince Valiant.**
19.00 **Our Winning Seasons.**
21.00 **Ladyhawke.**
23.00 **Aliens.**
1.20 **Rolling Thunder**



Bette Midler er í miklum ham í Divine Madness.

### Stöð 2 kl. 23.30:

# Bette Midler

Söngkonan Bette Midler er á góðri leið með að verða eina allra vinsælasta leikkonan í Hollywood. Þennan frama á hún að þakka Disney fyrirtækinu sem tekið hefur hana upp á sína arma og sett hana í nokkur bitastæð hlutverk.

Bette Midler, sem byrjaði feril sinn sem söngkona, vakti fyrst verulega athygli í kvikmyndaheiminum er hún lék Janis Joplin í The Rose. Skömmu síðar gerði hún Divine Madness sem er konsertkvikmynd þar sem hún fer hamförum á sviðinu í Pasadena leikhúsinu í Los Angeles.

Bette Midler hefur ávallt verið umtöluð söngkona og frægð hennar sem slík er ekki síst vegna líflegrar sviðsframkomu. Hún segir brandara sem eru á mörkum velsæmis, bregður sér í ýmis hlutverk og er ófeimin að hneyksla fólk. Lagaval hennar er allt frá gömlum standördum til nútímalaga sem hún setur mark sitt á með sinni miklu og sérstöku rödd.

-HK

### Rás 1 kl. 13.05 – Í dagsins önn:

# Starfsmenntun unglinga

Í þættinum Í dagsins önn verður að þessu sinni fjallað um tengsl skóla og atvinnulífs frá sjónarhorni atvinnuveganna. Hvað hefur sautján ára unglingur lært í skóla sem nýtist honum, til dæmis við framleiðslustörf?

Í þættinum verður leitað svara við spurningum af þessu tagi hjá talsmönnum atvinnuveganna. Einnig verður rætt við þá um hvernig skólakerfinu hefur tekist að mæta nýjum og auknum kröfum um sérhæft starfsfólk. Umsjónarmaður er Ásgeir Friðgeirsson.



Don Murray, Gena Rowlands og Rob Lowe leika aðalhlutverkin í Meðan vonin lifir.

### Sjónvarp kl. 22.05:

# Meðan vonin lifir

Föstudagskvikmynd Sjónvarpsins Meðan vonin lifir (Thursday's Child) er byggð á staðreyndum og fjallar um ungan pilt sem gengst undir hjartaflutning.

Sam Alden (Rob Lowe) er ósköp venjulegur táningur. Þegar hann kemur heim til foreldra sinna í jólafrí finnst foreldrum hans hann ósköp veiklulegur. Það kemur líka í ljós þegar hann er sendur í læknisskoðun að hann er haldinn alvarlegum hjartagalla og eftir nákvæma rannsókn er talið ráðlegast að skipta um hjarta í honum.

Myndin lýsir áhyggjum aðstandenda og hjartaþegans fyrir uppskurð og svo eftirköstunum fyrir sjúklinginn. Um leið sýnir myndin fjölskyldu sem sameinast í veikindum sonarins.

Leikstjóri Meðan vonin lifir er David Lowell Rich sem er gamall í hettunni og hefur mikla reynslu af leikstjórn mynda sem lýsa mannlegum tilfinningum. Í aðalhlutverkum eru úrvalsleikarar. Gena Rowlands og Don Murray leika foreldrana og unglingastjarnan Rob Lowe leikur soninn.

-HK